



Sjálfsmatsskýrsla

Lágafellsskóla 2012-2013

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Stefna Mosfellsbæjar.....	5
Stefna og starfsáætlun Lágafellsskóla	6
Hlutverk Lágafellsskóla	7
Próunarstarf	9
PALS - Jafningjamiðaðar námsaðferðir.....	9
Heilsueflandi grunnskóli	9
Uppbyggingarstefnan	9
Endurmenntun starfsmanna skólaárið 2012-2013.....	12
Innra mat	13
Markmið og tilgangur mats	13
Sjálfsmat	13
Matsþættir.....	13
Leiðir	14
Eineltiskönnun	14
Fyrirlögn könnunar	15
Matsþættir.....	16
Niðurstöður	16
Foreldrakönnun	17
Fyrirlögn könnunar	17
Matsþættir.....	18
Niðurstöður	18
Nemendakönnun.....	21
Fyrirlögn könnunar	21
Matsþættir.....	22
Niðurstöður	22
Sýn foreldra og nemenda til þátta úr stefnu skólans	24
Gæðagreinar	25
Gæðagreinir 5.2 – Kennsla sem leiðir til árangursríks náms	25
Gæðagreinir 5.3 – Til móts við námsparfir	26
Gæðagreinir 13.2 – Mötuneyti.....	27
Framúrskarandi starfsmaður	28
Samræmd próf	28
Viðauki 1	31

Viðauki 2 – Foreldrakönnun umbótaáætlun	32
Viðauki 3 - Nemendakönnun umbótaáætlun.....	35
Viðauki 4 - Einkunnaskali Gæðagreina	38
Viðauki 5 - Gæðagreinar 5.2.....	40
Viðauki 6 – Matsblað 5.2	42
Viðauki 7 – Þróunaráætlun 5.2.....	44
Viðauki 8 – Gæðagreinar 5.3	47
Viðauki 9 – Matsblað 5.3	49
Viðauki 11 - Gæðagreinar 13.2.....	55
Viðauki 12 – Matsblað 13.2	56
Viðauki 13 - Þróunaráætlun 13.2	58

Inngangur

Í Lágafellsskóla skólaárið 2012 – 2013 voru 699 nemendur í 1. – 10. bekk. Að auki voru 45 nemendur í leikskóladeild skólans. Í hverjum árgangi voru þrjár til fjórar bekkjardeildir. Skiptingu milli árganga má sjá hér að neðan:

Árgangur	Nemendur	Fjöldi bekkja
1. bekkur	79	4
2. bekkur	55	3
3. bekkur	79	4
4. bekkur	68	3
5. bekkur	81	4
6. bekkur	60	3
7. bekkur	85	4
8. bekkur	69	3
9. bekkur	67	3
10. bekkur	56	3
	699	34

Í Frístundaseli voru 190 nemendur að jafnaði yfir skólaárið en það er starfrækt eftir að skóladegi lýkur og ætlað nemendum í 1. – 4. bekk.

Við skólann skólaárið 2012-2013 störfuðu 142 starfsmenn. Stöðugildi voru eftirfarandi 1. janúar 2013:

Starfsheiti	Fjöldi starfmannna	Stöðugildi
Leikskóladeild	8	6,83
Skrifstofa, bóka- og tölvuumsjón	4	2,7
Mötuneyti	7	4,22
Húsvörður + skólaliðar	16	9,22
Stuðningsf. og þroskaþjálfari	17	10,17
Kennarar	64	57,52
Námsráðgjafi	2	1,35
Stjórnun	5	5
Frístund	19	6,22
	142	103,23

Stjórnendur skólans skólaárið 2012-2013 auk Jóhönnu Magnúsdóttur skólastjóra, voru Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri miðstigs og staðgengill skólastjóra, Gunnhildur Harðardóttir deildarstjóri sérkennslu og innra mats, Helena Katrín Hjaltadóttir, deildarstjóri elsta stigs og Sesselja Gunnarsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs. Aðstoðarleikskólastjóri var Sigurveig María Ingvadóttir og forstöðumaður Frístundasels var Ágústa Rósa Andrésdóttir.

Stefna Mosfellsbæjar

Í skólastefnu Mosfellsbæjar segir:

Skólastefna Mosfellsbæjar byggir á íslenskri menntastefnu eins og hún kemur fram í lögum og reglugerðum. Skólar Mosfellsbæjar eru lærdómssamfélag þar sem skapaður er grundvöllur fyrir umræður, skoðanaskipti og þátttöku allra hlutaðeigandi aðila. Leggja ber áherslu á grunnfærni allra einstaklinga: samskiptahæfni og læsi í víðum skilningi, getu til þekkingarleitar, lausnamiðaða hugsun, sjálfstæði í verkum, verkvit og færni í vinnubrögðum, hreyfingu og sköpunargleði. Leitast skal við að innihald

náms og verkefna í skóla hafi merkingu fyrir einstaklinginn og taki mið af reynsluheimi hans. Skólustarfsemi ber að skipuleggja á þann hátt að hún sé sveigjanleg, eflí virkni einstaklingsins, leggi rækt við siðferðisvitund og skapi þekkingu til gagns fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mikilvægt er að í skólasamfélaginu fái raddir allra að hljóma. Skólanámskrár skólanna eru framkvæmdaáætlanir fyrir markmið og leiðarljós skólastefnunnar. Með góðu samstarfi milli uppeldisstofnana og vel ígrunduðum leiðum og skipulagi er hægt að tryggja lifandi og árangursríkt skólustarf. Þannig fær hver einstaklingur tækifæri til að ná þeim árangri sem þroski hans býður upp á hverju sinni (Skólastefna Mosfellsbæjar, 2008).

Skólastefna Lágafellsskóla tekur mið af stefnu bæjarins og var hún lögð til grundvallar í þeim könnunum sem lagðar voru fyrir á vormisseri sem hluti innra mats.

Stefna og starfsáætlun Lágafellsskóla

Hugtökin samvera, samvinna og samkennd eru lögð til grundvallar skólustarfi Lágafellsskóla. Við trúum því að þegar við skynjum mikilvægi samverunnar, þá aukum við þroska okkar sem félagsverur. Með góðri samvinnu þar sem áhugi og hæfileikar einstaklingsins fá að njóta sín næst betri árangur og félagahópurinn nær oft að leysa verkefni sem eru einstaklingnum ofviða. Við sýnum hvert öðru samkennd með því að virða sjónarmið, skoðanir og líðan hvers annars og eflum okkur þannig í mannlegum samskiptum. Efling þessara þátta stuðlar að auknu sjálfstrausti einstaklings. Unnið er eftir einkunnarorðum skólans; Samvera, samvinna, samkennd.

Samvera:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft og allir eru jafnir
- gengið er vel um skólann og umhverfið
- öllum líður vel og allir finna til öryggis
- stefnt er að stöðugum þroska og framförum í starfi og leik á forsendum hvers og eins
- ríkir gagnkvæm virðing og umhyggja og einnig sýnum við hvert öðru gott viðmót
- aðstaða nemenda til náms og annarrar starfsemi innan skólans er jöfn óháð kynferði, kynhneigð, útliti, trúarskoðun eða uppruna

Samvinna:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- traust og hjálpssemi ríkir og leiðbeint er á uppbyggilegan hátt
- raddir allra fá að heyrast og eru metnar
- borin er virðing fyrir einstaklingnum og skoðunum hans
- miðlað er af þekkingu og reynslu og upplýsingaflæði er gott
- unnið er saman sem ein heild, allir leggja sitt af mörkum og hæfileikar hvers og eins fá notið sín
- einhugur ríkir um markmið og gildi og allir eru samstíga í að vinna að þeim

Samkennd:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- margbreytileikinn er virtur og metinn
- við sýnum samstöðu, kærleik og styrkjum hvert annað í meðbyr og mótbyr
- við sýnum tilfinningum og aðstæðum annarra skilning og umburðarlyndi
- allir upplifa sig sem hluta af heild þar sem hver og einn hefur réttindi jafnt sem skyldur
- við látum okkur aðra varða

Hlutverk Lágafellsskóla

- Að mennta og skipuleggja nám í samræmi við þarfir nemenda til þess að hver nemandi nái hámarksárangri.
- Að skapa umhverfi og aðstöðu til uppeldis og þroska þar sem styrkleikar einstaklinganna fá að njóta sín.
- Að samstarf, samábyrgð og jákvæður agi ríki í skólanum. Þannig bera allir ábyrgð á líðan, hegðun og samskiptum innan hópsins.
- Að bjóða starfsfólki upp á endurmenntun.
- Að þróa áfram þau verkefni sem eru í vinnslu í skólanum og bæta við nýjum.
- Að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og gæðakennslu.

Starfsáætlun skólans er unnin ár hvert og eru þar tiltekin þau verkefni og gildi sem unnið skal eftir hverju sinni. Markmið Lágafellsskóla fyrir starfsárið 2012-2013 voru eftirfarandi:

Fjármál

- Að tryggja hagkvæman rekstur með framsækni að leiðarljósi.
- Að standast fjárhagsáætlun.

Viðskiptavinir/skólasamfélagið

- Að hver nemandi beri ábyrgð á eigin námi og hegðun.
- Að öll samskipti byggist á gagnkvæmri virðingu og jákvæðum aga.
- Að nemendur njóti fyllsta öryggis við störf sín í skólanum.
- Að skólabragurinn einkennist af vinsemd, hjálpssemi og góðri líðan.
- Að gott samstarf ríki milli heimilis og skóla þar sem velferð barnsins er í fyrirrúmi.
- Að vinna með framfarastuðul nemenda í skólanum.

Mannauður

- Að starfsumhverfi starfsfólks og nemenda einkennist af metnaðarfullu starfi þar sem allir hafa ánægju af því að læra.
- Að hafa í heiðri að VIÐ erum mikilvægari en ég.
- Að við skólann starfi vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk.

Innri ferli

- Að markmið og stefna skólans sé öllum aðgengileg og stjórnun skilvirk.
- Að auka fjölbreytni í kennsluháttum og þróunarstarfi.

Meginverkefni 2012-2013.

- Skólastarf samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Þróunarverkefni – nýbreytni og áherslur skólans má sjá í skólanámskrá Lágafellsskóla, almennum hluta.
- Áfram var unnið samkvæmt hugmyndum Uppbyggingarstefnunnar, uppeldi til ábyrgðar.
- Unnið var eftir sjálfsmatsáætlun árið 2012-2013. Áætlunina má finna á heimasíðu skólans http://www.lagafellsskoli.is/files/sjalfsmat_2009_2015_1782912497.pdf

Próunarstarf

PALS - Jafningjamiðaðar námsaðferðir

Skammstöfunin PALS stendur fyrir Pör Að Læra Saman. Þjálfaðir hafa verið sérfræðingar í leik-, grunn- og framhaldsskóla Mosfellsbæjar til að halda utan um kennslu PALS. Lögð hefur verið áhersla á að kenna kennurum og nemendum um samvinnunám í lestri og ritun með megináherslu á að gera nemendur að betri lesurum og skrifurum. Nemendur læra í þörum og í hópum og kenna og læra hver af öðrum. PALS er aðferð sem tekur á mismunandi getu og leggur áherslu á að koma til móts við fjölbreyttar þarfir. Skólaárið 2012-2013 var unnið með PALS í 1.-8. bekk.

Heilsueflandi grunnskóli

Verkefni styrkt af Nordplus 2011-2014. Þátttökulönd auk Íslands eru Eistland og Lettland. Meginmarkmið verkefnisins er að kynna ungum nemendum heilsueflandi lifnaðarhætti með það að markmiði að leggja grunn að betri framtíð. Helstu markmið eru eftirfarandi.

1. Hvetja kennara til að kenna markvisst um heilsu í gegnum allar námsgreinar, fræða kennara um hollt fæði og heilsu. Hvetja kennara, nemendur og foreldra til bættra lifnaðarháttanna.
2. Miðla þekkingu til foreldra varðandi góða heilsu. Að skólayfirvöld styrki verkefnið og skynji mikilvægi þess. Að nemendur hreyfi sig meira.
3. Að efla þekkingu nemenda á heilbrigðum lífstíl. Að virkja nemendur í matargerð. Að kenna markvisst þætti sem snúa að hreyfingu utandyra. Að fræða nemendur með það að markmiði að þeir kjósi heilsusamlegt líf. Að kenna nemendum að greina eigin líðan.
4. Tæki og tól til kynningar heilsueflandi lifnaðarháttanna.

Uppbyggingarstefnan

Það er yfirlýst stefna Lágafellsskóla að vinna eftir Uppbyggingarstefnunni, einnig nefnt Uppeldi til ábyrgðar. Uppbyggingarstefnan er uppeldisaðferð sem byggir á kenningu

Williams Glassers sem kölluð er Reality therapy. Diane Gossen hefur svo þróað aðferð sem kölluð er Uppbygging á íslensku.

Uppbyggingarstefnan er ferli sem kennir sjálfsaga. Þjálfaðar eru aðferðir til þess að bæta samskipti og skólabrag. Sjónum er fyrst beint að einstaklingnum sem svo er beðinn um að líta í eigin barm og meta hvaða áhrif hegðun hans hefur á aðra. Til að fylgja stefnunni eftir er starfandi teymi innan skólans.

Markmiðið er að:

- kenna nemendum sjálfsaga og sjálfstjórn
- bæta samskiptin
- hjálpa nemandanum til að gera sér grein fyrir þörfum sínum og uppfylla þær
- hjálpa nemandanum til að finna lífsgildi sín og hegða sér samkvæmt þeim
- styrkja vilja og sjálfsmynd nemandans

Megináhersla stefnunnar er á að byggja upp sjálfstraust, að hjálpa nemandanum til að verða sá sem hann vill verða. Þeir skólar sem starfað hafa samkvæmt stefnunni eru sammála um að það hafi haft jákvæð áhrif á skólabraginn, agavandamálum hafi fækkað og þannig bætt líðan bæði starfsmanna og nemenda. Til að ná markmiðum um góðan skólabrag og jákvæð og uppbyggileg samskipti þarf að skilgreina hvað telst æskileg hegðun og hvað ekki.

Æskileg hegðun

- Nemandi mætir stundvíslega og vel undirbúinn í skólann.
- Nemandi fari eftir skólareglum.
- Nemandi er reiðubúinn til að takast á við krefjandi verkefni, taka tilsögn og taka virkan þátt í viðfangsefnum kennslustunda.
- Nemandinn gengur vel um skólann sinn.
- Nemandi lætur sér annt um að samskipti í skólanum séu vinsamleg og til þess fallin að auka samkennd og öryggi nemenda og annarra sem starfa í skólanum.
- Nemandi sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu með framkomu sinni, orðum og gjörðum.
- Nemandi fer að fyrirmælum kennara og annars starfsfólks.
- Nemandi reyni að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis.

Óæskileg hegðun

- Að hegðun nemanda valdi öðrum ama, leiðindum, kvíða eða öryggisleysi. Dæmi; að ýta, pota, pirra, ofbeldi, hótun, ljótt orðbragð, truflun, baktal, útilokun.
- Að hegðun nemanda, eyðileggi, hindri eða trufla skólustarf, vinnu nemanda, kennara og starfsmanna. Dæmi; Frammíköll, óstundvísi, hávaði og læti, ónauðsynlegt ráp.
- Að hegðun nemanda ógni öryggi annarra einstaklinga í skólanum. Dæmi; Hlaup innanhúss, ofbeldi, slagsmál, ruðningur.
- Að nemandi virði ekki eigin annarra nemanda og/eða skólans. Dæmi; Skemmdarverk, sóðaleg umgengni, þjófnaður.
- Að nemandi láti sér ekki segjast við kurteislega umvöndun og sýni starfsmanni óvirðingu. Dæmi; Aðdróttun eða hótun, hunsu fyriræli, ljótur munnsöfnuður.
- Að nemandi neiti samvinnu, sé vanvirkur eða stundi námið illa. Dæmi; Mæti án námsgagna, fari ekki eftir fyrirælum, leti, vanvirkni, svefn í tímum, óstundvísi, fjarvistir.

Við munum ekki undir nokkrum kringumstæðum líða;

- Reykingar eða notkun annarra vímuefna.
- Lögbrot.

Öryggisreglur eru settar í framhaldi af vinnu starfsmanna sem ákveða hvað flokkist sem óásættanleg hegðun innan skólans. Öryggisreglurnar eru fáar en viðurlög við broti á þeim eru skýr. Öryggisreglurnar eru **ófrávíkjanlegar**. Skólinn hefur viðurlög við broti á þeim. Þær eru settar til að verja gildi sem allir eru sammála um að séu mikilvæg. Ófrávíkjanlegar öryggisreglur varða hluti sem ógna öryggi og/eða hindra nám.

1. Vopn

2. Vímuefni

3. Meiðingar

4. Bein óhlýðni og ögrun við kennara

Endurmenntun starfsmanna skólaárið 2012-2013

Hér að neðan má sjá þá endurmenntun sem var á vegum skólans fyrir starfsfólk á árinu.

Starfshópur	Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil, dagsetningar og tímafjöldi
Stuðningsfulltrúar, skólaliðar og starfsmenn frístundasels	Skyndihjálp	Þátttakendur læra grundvallaratriði í skyndihjálp og endurlífgun	16.ágúst 2012 4 klst.
Starfsmenn aðrir en kennarar	Námskeiðið Verndarar barna á vegum Blátt áfram	Öflug fræðsla og markviss þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af hugrekki og ábyrgð.	Vorönn 2013 4 klst
Kennarar	Fyrirlestur um einstaklingsnámskrárgerð	Fræðsla um gerð einstaklingsnámskrár. Ásta Björk Björnsdóttir	10. sept 2012
Heilsueflandi skóli	Heilsueflandi grunnskóli	Erindi um verkefnið Heilsueflandi skóli sem Lágafellsskóli er þátttakandi í. Ólöf Kristín Sívertsen	3. okt2012 1.5 klst.
Kennarar	Lestur almenns hluta Aðalnámskrár	Kennarar kynni sér vel almennan hluta nýrrar aðalnámskrár	Haust 2012
Allir starfsmenn	Markmiðssetning til bættrar heilsu	Fyrirlestur um markmiðssetningu. Anna Sigurðardóttir sálfræðingur	Janúar 2013
Kennarar	Fyrirlestrar um grunnþætti menntunar	Fyrirlestrar um hvern grunnþátt	Vetur 2012-13

Innra mat

Markmið og tilgangur mats

Samkvæmt grunnskólalögum ber hverjum grunnskóla að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfsins. Í 35. grein segir:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (35. gr. grunnskólalaga 2008).

Í 36. gr. grunnskólalaga er fjallað um innra mat og þær skyldur sem skólum ber að uppfylla varðandi það. Í 36. grein segir:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (36. gr. grunnskólalaga 2008).

Sú leið sem farin hefur verið að ofangreindum markmiðum er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins á kerfisbundinn hátt og í kjölfarið að leita leiða til að bæta starfið. Til grundvallar vinnunnar hefur stefna bæjarins verið sett í öndvegi ásamt starfsáætlun skólans. Sjálfsmatsáætlun skólans er sá vegvísir sem unnið er eftir.

Sjálfsmat

Matsþættir

Til að fá sem besta sýn á skólastarfið í heild er það metið út frá nokkrum þáttum. Skólaárið 2012-2013 voru áhersluþættir matsins eftirfarandi: nám og kennsla, samskipti, aðbúnaður

nemenda, líðan og einelti, stjórnun skólans, foreldrasamstarf og fleira. Þessir þættir eru skoðaðir milli ólíkra hópa innan skólasamfélagsins og viðhorf foreldra, starfsmanna og nemenda til þeirra eru könnuð. Sambærilegar spurningar eru lagðar fyrir árlega til að auðvelda samanburð milli skólaára sem og til að fylgjast með þeirri þróun sem verður á skólastarfinu og meta hversu vel tekst til hverju sinni.

Leiðir

Spurningakannanir eru m.a. það form sem helst hefur verið notað til að afla upplýsinga um skólastarfið. Eineltiskönnun var lögð fyrir nemendur 5.-10. bekkjar snemma á árinu 2013. Viðtöl voru tekin við nemendur í yngri árgöngum. Tvær kannanir voru lagðar fyrir ólíka hópa innan skólasamfélagsins á vordögum þar sem lagðar voru til grundvallar sambærilegar spurningar sem unnar voru út frá stefnu skólans og starfsáætlun hans. Einnig voru hafðir til grundvallar þeir þættir sem teknir voru fyrir í Gæðagreinum yfir skólaárið. Var þetta gert með það að leiðarljósi að skoða ákveðna þætti skólastarfsins út frá öllum hliðum. Kannanirnar voru lagðar fyrir nemendur skólans og foreldra þeirra. Starfsmannakönnun var ekki lögð fyrir að þessu sinni. Vinna matsteymis við úrvinnslu kannanna og framsetningu niðurstaðna leiðir í ljós að í skólastarfinu er margt vel gert en ávallt er eitthvað sem má bæta. Niðurstöður hafa verið kynntar öllum starfsmönnum skólans og umbótaáætlanir hafa verið unnar af starfsmannahópnum og er þær að finna í viðauka. Lokaskýrslur allra kannana eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Gæðagreinar voru lagðar fyrir þrisvar sinnum yfir skólaárið og unnar umbótaáætlanir sem finna má í viðauka.

Hér á eftir fer stutt samantekt um hvern þátt sjálfsmatsins fyrir sig ásamt helstu niðurstöðum.

Eineltiskönnun

Mikilvægt er að hver skóli marki sér skýra stefnu varðandi eineltismál og hefur Lágafellsskóli gert slíkt. Tilkynningar vegna gruns um einelti geta borist til starfsfólks skólans frá nemenda/nemendum, foreldrum/forráðamönnum eða öðru starfsfólki, munnlega, skriflega eða gegnum heimasíðu skólans þar sem komið hefur verið upp neyðarhnappi þar sem hægt er að tilkynna um eineltismál eða grun um einelti. Ávallt skal gæta trúnaðar við meðferð eineltismála.

Þegar grunur um einelti vaknar er málinu vísað í eftirfarandi farveg:

1. Málinu vísað til umsjónarkennara.

2. Umsjónarkennari greinir málið samkvæmt skilgreiningu skólans á einelti. Hann leitar eftir upplýsingum frá öðru starfsfólki skólans og foreldrum/forráðamönnum; hvar, hver, hvenær, hvernig, hverjir áttu hlut að máli og skráir það hjá sér á ferilsskráningarblað.
3. Ef umsjónarkennari metur að um einelti sé að ræða gerir umsjónakennari foreldrum/forráðamönnum gerenda og þolenda grein fyrir stöðunni.

Farið er yfir:

- hver tilboð skólans eru til að aðstoða þolanda og geranda.
- hvað foreldrar/forráðamenn geta gert til aðstoðar barni sínu og skólanum.
- samstarf foreldra/forráðamanna og umsjónakennara um eftirfylgd málsins.

Umsjónarkennari metur í samvinnu við eineltisteymi hvaða vinnuferli hentar best miðað við aðstæður hverju sinni.

Algengt vinnuferli er:

- Foreldrum/forráðamönnum gerenda og þolenda er gerð grein fyrir málavöxtum og áætlun skólans kynnt fyrir þeim.
- Allir nemendur bekkjar/hóps teknir í stutt einkaviðtal.
- Gerendur eru teknir í einkaviðtöl og viðtalinu fylgt eftir.
- Stuðningsviðtöl við þolandann.
- Stuðningsviðtöl við gerendur.
- Eftirlit er aukið þar sem einelti hefur átt sér stað.

Óski umsjónarkennari aðstoðar eða ráða frá eineltisteymi biður hann um fund með teyminu og kemur með afrit af ferliskráningarblaði á fundinn. Beri aðgerðir ekki árangur að mati umsjónarkennara og eineltisteymis er málinu vísað til nemendaverndarráðs. Allt ferlið er skráð af umsjónarkennara á sérstakt skráningarblað. Foreldrar/forráðamenn eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik.

Fyrirlögn könnunar

Eineltiskönnun var lögð fyrir nemendur í 5.-10. bekk í Lágafellsskóla dagana 30. og 31. janúar 2013. Náms- og starfsráðgjafi ásamt deildarstjóra sérkennslu og mats lögðu könnunina

fyrir nemendur og báru ábyrgð á vinnu hennar og framkvæmd. Áður en könnunin var lögð fyrir fjölluðu umsjónarkennarar um einelti og kynntu skilgreininguna um einelti fyrir nemendum. Í Lágafellsskóla er notuð sama skilgreining og í bæklingnum Einelti, góð ráð til foreldra. “Talað er um einelti þegar einstaklingur verður fyrir endurteknu áreiti frá öðrum einstaklingi og á erfitt með að verjast því. Í einelti er valdaójafnvægi þar sem gerandinn misbeitir valdi gegn þólandanum. Barn sem er sterkara, árásargjarnara og frakkara leggur annað barn, sem er líkamlega og/eða félagslega veikara, í einelti“.

Könnunin fjallar um eineltismál almennt í skólanum. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöðurnar innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja og vinna með einelti ef að það á sér stað í skólanum.

Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey. Foreldrar/forráðamenn voru upplýstir um að eineltiskönnun yrði lögð fyrir börn þeirra. Nemendur voru kallaðir í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Fjöldi nemenda í þessum árgöngum er 417 og svöruðu 401 nemandi henni eða 96,2%. Kynjahlutfall í þessum árgöngum er 50,9% stelpur og 49,1% drengir. Þegar skipting fjölda nemenda eftir árgöngum er skoðuð þá kemur í ljós að flestir nemendur eru í 7. bekk en fæstir í 10. bekk

Matsþættir

Þeir þættir sem skoðaðir voru í könnuninni sneru að líðan nemenda, gerendum og þólandum eineltis. Hvar og hvernig einelti birtist og aðkoma og viðbrögð starfsmanna og nemenda. Með áframhaldandi markvissri vinnu gegn einelti fer þeim einstaklingum sem verða fyrir því fækkandi. Mikilvægt er að skólinn haldi áfram sinni stefnu í þessum málum og bæti það sem betur má fara. Það að minna bæði nemendur og starfsfólk skólans reglulega á hugtakið einelti getur minnkað líkur á því að einstaklingur verði fyrir því. Því ber skólanum að gera það sem hann getur til að einelti fái ekki þrífist.

Niðurstöður

Mikilvægt er að kortleggja stöðu eineltismála í skólanum og vinna vel úr niðurstöðum. Niðurstöður þessarar könnunar sýna að nokkuð hefur verið um einelti í Lágafellsskóla í vetur en 11,5% nemenda segjast einhvern tíma á skólaárinu hafa orðið fyrir einelti. Segja má að vel

hafi gengið að vinna með flest þessara mála þar sem 7,7% nemenda segja að eineltinu sé lokið þegar könnunin var lögð fyrir en 3,7% nemenda segja það standa enn yfir. Hluti af þeim nemendum sem enn eru lagðir í einelti hafa ekki sagt neinum frá því. Því er mikilvægt að upplýsa kennara, annað starfsfólk og foreldra um þessar niðurstöður til að auka líkurnar á því að þessir einstaklingar sem ekki hafa sagt frá finnist sem fyrst. Sýnilegt er að strákar leggja frekar í einelti en stelpur og eru þeir yfirleitt nokkrir saman.

Við gerð umbótaáætlunar þarf að skoða þau viðmið sem sett eru fram í starfsáætlun skólans varðandi líðan nemenda í skólanum og fjölda þeirra nemenda sem verða fyrir einelti en samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er skólinn ekki að ná settum viðmiðum. Í framhaldi af þeirri vinnu hafa niðurstöðurnar verið kynntar umsjónarkennurum, öllu starfsfólki skólans sem og nemendum. Fundað var með umsjónarkennurum í hverjum árgangi þar sem farið var yfir niðurstöður árgangsins. Að því loknu unnu allir hópar tillögur að umbótaáætlun sem verður höfð að leiðarljósi í næstu skrefum vinnunnar. Á starfsdögum í ágúst verða haldnir fræðslufundir fyrir starfsmenn um forvarnir gegn einelti og hvernig bregðast skuli við ef grunur vaknar um einelti. Umbótaáætlun má finna í viðauka nr. 1

Foreldrakönnun

Í ár sem og síðasta ár var ákveðið að leggja könnun fyrir alla foreldra nemenda 1.-10. bekkjar með það að markmiði að fá betri yfirsýn yfir hug foreldra hvað skólastarfið varðar. Könnun með sambærilegum spurningum var lögð fyrir nemendum. Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar spurningum, koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun.

Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru sett viðmið varðandi nokkra þætti skólastarfsins. Í foreldrakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að hægt væri að kanna hvort viðmiðum væri náð.

Fyrirlögn könnunar

Rafrænn spurningarlisti var unnin í forritinu Lime Survey og var hann byggður á spurningalista síðasta árs. Kallaðir voru til kennarar til að lesa yfir og gefa ábendingar til úrbóta. Slóð könnunarinnar var send út til foreldra nemenda í 1. – 10. bekk í tölvupósti í maí. Póstur var sendur á alla foreldra og þeir beðnir að ákveða hvort foreldrið myndi svara könnuninni. Svarað var einu sinni fyrir hvert barn. Svörun barst frá tæplega 57% foreldra sem er fækkun um 15% frá síðasta ári. Mæður svöruðu í 77% tilfella og feður í 21,5% tilfella

og eru þessar tölur sambærilegar á milli ára. Best var svörun foreldra í 1. árgangi þar sem 67% foreldra tóku þátt.

Matsþættir

Markmiðið með fyrirlögn foreldrakönnunar er að gera góðan skóla betri. Með þessu móti gefst foreldrum kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Til að auðvelda starfsfólki skólans að fylgjast með þróun skólastarfsins var sú leið valin að leggja svipaðar eða sömu spurningar fyrir foreldra/forráðamenn nemenda á hverju ári.

Niðurstöður

Hér á eftir fer samantekt helstu niðurstaðna foreldrakönnunar. Niðurstöður leiddu í ljós að rúmlega 87% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun og lítur að ánægju foreldra er 80% og eru niðurstöður sambærilegar við fyrra skólaár. Ljóst er að setja má markið hærra fyrir næsta vetur. Rúmlega 80% foreldra telja að barni sínu líði mjög vel eða vel í skólanum og er sú tala sambærileg á milli ára. Það viðmið sem sett var fram í starfsáætlun skólans og lítur að góðri eða mjög góðri líðan nemenda er 90% og eru niðurstöður því tæplega 10% undir viðmiðum. Foreldravika var haldin í skólanum dagana 22.-26. mars og komu tæplega 55% foreldra sem svöruðu könnuninni í heimsókn þá vikuna og er það fækkun um 8% á milli ára. Það viðmið sem sett var í starfsáætlun, varðandi heimsóknir foreldra í foreldraviku, var 60%.

Þegar spurt var hvernig foreldrar teldu að samskipti milli barns og starfsfólks væru í skólanum svöruðu tæplega 88% því til að þau séu mjög góð eða góð. Að sama skapi telja rúmlega 90% að samskipti við umsjónarkennara séu mjög góð eða góð og eru þær niðurstöður sambærilegar milli ára. Spurt var um viðhorf foreldra til núverandi umsjónarkennara barns síns og svöruðu rúmlega 88% því til að viðhorf þeirra væri mjög jákvætt eða jákvætt og er það sambærilegt á milli ára.

Þegar spurt var beint um ánægju með samstarf heimila og skóla voru tæplega 65% sem voru mjög ánægð eða ánægð með samstarfið. Í starfsáætlun skólans fyrir skólaárið var viðmiðið sem sett var varðandi ánægju með samstarf heimilis og skóla 80% og ljóst að nokkuð vantar á til að það náist.

Í starfsáætlun var sett viðmið varðandi aðgengi að starfsmönnum skólans í gegnum tölvupóst þar sem svörun skyldi ekki taka lengri tíma en tvo daga. Viðmiðið er 90% og niðurstöður

foreldrakönnunar sýna að af þeim sem hafa þurft að ná sambandi við starfsfólk skólans í gegnum tölvupóst hafa á bilinu 88-93% fengið svar innan tveggja daga.

Foreldrar voru spurðir hvort Lágafellsskóli byði upp á fjölbreytta kennsluhætti. Viðmið í starfsáætlun voru að 80% foreldra svöruðu því játandi og náðust þau viðmið.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skal námsmat vera opið og aðgengilegt foreldrum og setur skólinn fram í starfsáætlun það viðmið að 80% foreldra telji að svo sé. Þegar foreldrar eru spurðir um það hvort námsmat sem birtist í Mentor sé sýnilegt telja tæplega 62% að svo sé. Foreldrar voru einnig spurðir hvort þeir teldu að Leiðsagnarmatið gæfi þeim betri upplýsingar um stöðu barns síns. Heildarniðurstöður sýndu að tæplega 60 töldu svo vera en jákvæðastir voru foreldrar á unglingastigi. Í starfsáætlun var sett fram það viðmið að 80% foreldra telji að komið sé til móts við þarfir hvers og eins og hlustað sé á hugmyndir og virðing borin fyrir skoðunum málsaðila. Tæplega 68% foreldra telja að námsþörfum barns síns sé mjög vel eða vel sinnt en rúmlega 21% telja að þeim sé sæmilega sinnt, ánægðastir eru foreldrar á yngsta stigi. Rúmlega 52% foreldra hafa ekki nýtt sér stoðþjónustu skólans en tæplega 94% þeirra sem hafa nýtt sér stoðþjónustuna eru mjög ánægðir eða ánægðir með hana. Sé gengið út frá svörun þeirra foreldra sem taka afstöðu til fullyrðinga úr stefnu skólans varðandi það að hæfileikar allra fái að njóta sín telja 75% foreldra svo vera og 69% telja að raddir allra fái að heyrast. Viðmiðið sem sett var varðandi hvort hlustað væri á skoðanir allra og virðing borin fyrir þeim var 80% og eru heildarniðurstöður því 11% undir viðmiðum. Ljóst er að skólinn þarf að einstaklingsmiða nám nemenda mun meira en gert er og auka þarf þátttöku nemenda í umfjöllun og ákvarðanatöku.

Spurt var um miðlun upplýsinga frá skólanum í heild og töldu rúmlega 73% hana vera mjög góða eða góða en það viðmið sem sett var fram í starfsáætlun var 90%.

Niðurstöður könnunarinnar gáfu mikilvægar upplýsingar varðandi margt annað sem betur má fara í skólastarfinu. Foreldrar voru spurðir hversu mikil þeim þætti heimavinna barns síns og kom í ljós að rúmlega 20% foreldra telja heimanám of mikið eða mikið og hefur sú tala hækkað um 3% milli ára. Hæst hlutfall foreldra sem þótti heimanám vera of mikið eða mikið var meðal foreldra nemenda á unglingastigi eða rúmlega 28%. Þegar spurt var hversu mikla aðstoð barnið þyrfti við heimanámið þá sýndu niðurstöður að rúmlega 28% foreldra töldu að barn sitt þyrfti mjög mikla eða mikla aðstoð. Hæst hlutfall foreldra sem töldu að svo væri voru foreldrar nemenda á yngsta stigi en þeir voru tæplega 34% og er það aukning um 7% á milli ára. Sé litið til síðustu tveggja ára hefur talan hækkað um 24%. Aðstoð foreldra við

heimanám á miðstigi er sambærileg á milli ára en rúmlega 24% aðstoða börn sín mjög mikið eða mikið. Aukningin sem orðið hefur er athygliverð og mikilvægt að skoða hvað veldur. Mikilvægt er að skoða niðurstöður nemendakönnunar þegar unnið verður með þessar niðurstöður þar sem fram kemur að nemendur telja heimanám vera of mikið.

Foreldrar voru spurðir hvernig stjórnun skólans kæmi þeim fyrir sjónir og eru það tæplega 58% sem telja hana mjög góða eða góða og tæplega 27% segja að hún sé í lagi. Mikilvægt er fyrir stjórnendur að skoða hvað betur megi fara í stjórnuninni.

Í ár var lögð fyrir foreldra spurning varðandi hæfni og fagmennsku starfsfólk skólans þar sem þessir þættir eru lykilþættir í mati á Gæðagreinum en það er gæðakerfi sem skólinn vinnur m.a. eftir. Svörun foreldra vekur athygli þar sem rúmlega 57% foreldra telja að starfsfólk skólans sýni framúrskarandi eða mjög góða hæfni og 35% telja hana góða.

Spurt var hvort Leiðsagnarmat gæfi foreldrum góðar upplýsingar um stöðu barnsins og töldu tæplega 60% svo vera. Ánægðastir eru foreldrar á elsta stigi. Það vekur athygli þar sem nemendur á elsta stigi töldu að matið gæfi sér ekki góðar upplýsingar um stöðuna. Vert er að skoða hvað það er sem veldur því að foreldrar og nemendur telji matið ekki nægjanlega gagnlegt.

Niðurstöður sýna að rúmlega 78% foreldra er mjög ánægð eða ánægð með foreldraviðtölin.

Þegar foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti aginn í skólanum vera kom í ljós að rúmlega 38% foreldra segjast vera sáttir við agamál í skólanum og hefur þeim fækkað um 9% á milli ára. Rúmlega 29% fannst aginn vera of lítill eða lítill en sú tala hefur hækkað um 11% frá fyrra ári. Óánægðastir eru foreldrar á miðstigi. Rúmlega 28% telja sig ekki vita nóg um agamál til að taka afstöðu til spurningarinnar. Þessar niðurstöður sýna að það sem virtist hafa áunnist í agamálun skólaárið 2011-2012 hefur ekki náð að festast í sessi.

Kannaður var hugur foreldra til mötuneytis skólans og kom fram að 55% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með mötuneytið sem er sambærileg tala við niðurstöður foreldrakönnunar sem unnin var á síðasta skólaári. Síst ánægðir eru foreldrar nemenda á unglíngastigi eða tæplega 42% og ánægðastir eru foreldrar nemenda á yngsta stigi.

Fram kom, þegar spurt var hvort skóladagur barns væri heildstæður að rúmlega 66% þeirra sem tóku afstöðu töldu svo vera. Það hlutfall sem sett var fram í starfsáætlun skólans var 90%.

Athygli vekur að tæplega 16% foreldra í 4.-10. bekk svöruðu því til að barn þeirra væri ekki í tómsundum og eiga flestir þeirra barn í 1.- 4. bekk.

Í opnum svörum vildu margir foreldrar koma á framfæri hrósi og þakklæti til starfsfólks skólans fyrir fagleg og góð vinnubrögð. Einnig bentu foreldrar á margt sem þeir töldu að betur mætti fara. Mikið var rætt um stærð skólans með tilliti til húsnæðis. Þó nokkrar athugasemdir bárust varðandi aga- og eineltismál og aðgerðarleysi af skólans hálfu í þeim efnum. Einnig var bent á að vinnufriði væri ábótavant í kennslustundum og bæta mátti umgengni um skólann. Allmargir töldu að starfsfólk skólans kæmi ekki fram að virðingu við nemendur og væru ókurteisir í tilsvörun. Þá var rætt um nauðsyn þess að upplýsingar um atburði væru birtar með góðum fyrirvara. Almennt voru foreldrar ánægðir með upplýsingaflæði frá umsjónarkennurum en töldu því ábótavant frá öðrum kennurum. Fram komu ábendingar um hávaða í mötuneyti svo og að bæta mætti gæði þeirrar matvöru sem boðið er uppá. Umbótaáætlun er að finna í viðauka 2

Nemendakönnun

Margt að því sem velta þarf fyrir sér í matsferlinu er þess eðlis að leita verður til nemenda um svör. Með því að svara könnuninni gefst nemendum einnig kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Markmiðið með fyrirlögninni er að gera góðan skóla betri.

Fyrirlögn könnunar

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 5.-10. bekk í Lágafellsskóla í mars 2013. Ábyrgð á vinnu og framkvæmd báru deildarstjóri sérkennslu og mats og deildarstjóri elsta stigs. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar var að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja það starf sem á sér stað í skólanum.

Rafrænn spurningalisti var unnin í forritinu Lime Survey og voru spurningarnar byggðar á spurningum síðasta skólaárs með samanburð milli ára í huga. Foreldrar voru upplýstir um að nemendakönnun yrði lögð fyrir nemendur sem kallaðir voru í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Nemendafjöldi í 5.-10. bekk þegar könnunin var lögð fyrir var 420 nemendur. Svarendur voru 403 eða 95,7%. Könnunin innihélt 41 spurningu og þar af voru sex opnar spurningar.

Matsþættir

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun og eru eftirfarandi; nám og kennsla, samskipti, aðbúnaður nemenda, líðan og ánægja, aðgengi að starfsfólki og upplýsingagjöf.

Niðurstöður

Samkvæmt niðurstöðum nemendakönnunar líður rúmlega 82% nemenda mjög vel eða vel í skólanum og er sú tala tæpum 8% undir viðmiði starfsáætlunar. Niðurstöður nemendakönnunar leiddu í ljós að rúmlega 79% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun skólans og lítur að ánægju nemenda er 80%. Þegar spurt var hvort nemendur teldu að kennarar notuðu fjölbreytta kennsluhætti var niðurstaðan sú að rúmlega 70% töldu svo vera og er það 10% undir viðmiðum starfsáætlunar. Tæplega 53% nemenda telja að hlustað sé á skoðanir þeirra í skólanum en það hlutfall er langt undir viðmiði starfsáætlunar sem er 80%. Lágafellsskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingastefnunnar og var kannað hversu vel nemendur þekkja til stefnunnar. Í ljós kom að tæplega 73% þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar en það er 7% undir settum viðmiðum. Þegar spurt var hvort hæfileikar allra fái sín notið voru tæplega 55% nemenda mjög sammála eða sammála og er það 25% undir viðmiðum starfsáætlunar.

Fram kom að tæplega 67% nemenda eru stundum kvíðnir fyrir próf og tæplega 10% alltaf. Áhugavert er að þrátt fyrir þessar tölur segjast tæplega 66% ekki hafa þurft á aðstoð námsráðgjafa að halda. Námsráðgjafi er sá aðili innan skólans sem nemendur ættu helst að leita til ef um prófkvíða er að ræða og má því draga þá ályktun að kynna þurfi starf námsráðgjafa betur fyrir nemendum.

Tæplega 72% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð en umsjónarkennari er sá aðili innan skólans sem stendur næst hverjum nemanda og mikilvægt að traust ríki þar á milli. Þessi tala hefur lækkað um 12% á milli ára. Tæplega 76% nemenda eru mjög ánægð eða ánægð með foreldraviðtölin. Í ljós kom að nemendur telja sig hafa allgreiðan aðgang að stjórnendum og stoðkerfi skólans. Rúmlega 63% nemenda hefur aldrei þurft að leita til stjórnenda.

Í könnuninni kom fram að 35% nemenda töldu sér vera mjög oft eða oft hrósað og tæplega 36% stundum. Rúmlega 29% nemenda telja að sér sé sjaldan eða aldrei hrósað af kennurum fyrir vel unnin verk í skólanum. Áhugavert er að velta fyrir sér þessum niðurstöðum og því, hvort huga þurfi sérstaklega að því að nemendur upplifi að þeim sé sjaldan eða aldrei hrósað fyrir vel unnin

verk. Athygli vekur einnig að þegar þessar niðurstöður eru bornar saman á milli ára hefur þeim nemendum sem telja að sér sé hrósað mjög oft eða oft fækkað um 10%.

Niðurstöður sýna að innan við 40% nemenda þykir námið í skólanum alltaf eða oft skemmtilegt og hefur þeim fækkað á milli ára sem telja svo vera. Um 27% nemenda á unglिंगastigi þykir námið sjaldan eða aldrei skemmtilegt og 12% nemenda á miðstigi. Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar og vert verkefni að skoða hvernig megi gera námið áhugaverðara fyrir nemendur. Þá vekur einnig athygli að aðeins rúmlega helmingur nemenda á unglिंगastigi telur að kennarar noti fjölbreyttar aðferðir við kennslu. Um 80% nemenda telja þrátt fyrir ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara að boðið sé upp á góða kennslu í skólanum. Þá telja tæplega 78% nemenda að skólinn undirbúi þá mjög vel eða vel undir framtíðina og munar tæpum 11% milli stiga þar sem fleiri á miðstigi telja svo vera.

Þegar spurt er um Leiðsagnarmatið telur helmingur nemenda að það gefi þeim góðar upplýsingar um gengi þeirra í skólanum. Athygli vekur að tæplega 39% nemenda á unglिंगastigi telur að matið gefi þeim ekki góðar upplýsingar um gengi í skólanum.

Nemendur telja heimavinnu of mikla og á það sérstaklega við um nemendur á unglिंगastigi þar sem 70% telja hana of mikla eða mikla. Í opnum svörum kom fram að nemendum þykir verkefnaskil og próf raðast á sömu vikur og óska eftir samstarfi milli kennara varðandi þetta. Mikilvægt er að huga að álagstímum og er samvinna milli kennara þar nauðsynleg. Einnig er vert að skoða í þessu sambandi að 80% nemenda þarf einhvers konar aðstoð við heimanám.

Þegar nemendur voru spurðir um hvernig vinnufriður væri í kennslustundum sýndu niðurstöður að rúmlega 47% nemenda þykir vinnufriður mjög góður eða góður og fannst nemendum á unglिंगastigi betri vinnufriður en nemendum á miðstigi. Rúmlega 34% svöruðu því til að hann væri hvorki góður né slæmur og tæplega 19% að hann væri slæmur eða mjög slæmur. Athygli vekur að aðeins tæplega helmingur nemenda telur vinnufriðinn góðan eða mjög góðan og þyrfti að huga sérstaklega að því á komandi skólaári.

Fram kom að tæplega 53% nemenda telja að hlustað sé á þeirra skoðanir og hefur það hlutfall lækkað um 3% á milli ára en vert er að geta þess að á tveimur árum hefur þessi talað lækkað um 12%. Vert er að kanna hvort endurskoða megi hugmyndir um nemendalýðræði í skólastarfinu og huga að því að auka virkni nemenda í ákvarðanatöku hvað varðar nám og aðra þætti skólastarfsins.

Þegar spurt var um umgengni í skólanum kom fram að aðeins 20% nemenda telja að skólinn sé alltaf snyrtilegur og vert að velta fyrir sér hvernig virkja megi alla til betri umgegni.

Þegar spurt var út í Uppbyggingarstefnuna kemur í ljós að nemendur á miðstigi þekkja betur til stefnunnar en nemendur á unglिंगastigi og er vert fyrir kennara og Uppbyggingarteymi að skoða hvað veldur og hvað er til ráða. Umbótaáætlun er að finna í viðauka 3

Sýn foreldra og nemenda til þátta úr stefnu skólans

Eins og fram hefur komið hér að framan voru sambærilegar spurningar lagðar fyrir nemendur og foreldra. Að auki voru fullyrðingar sem liggja til grundvallar stefnu skólans settar fram og könnuð afstaða hópanna til þeirra. Við samanburð á svörum kemur fram að upplifun hópanna á skólasamfélaginu er ekki ávallt hin sama. Eftirfarandi er sundurliðun svara fyrir hverja fullyrðingu sem sett var fram í könnuninum.

„Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Nemendur	15,38%	39,45%	20,10%	7,44%	17,62%
Foreldrar	5,79%	48,11%	14,86%	3,02%	28,21%

„Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	15,14%	43,18%	19,11%	5,96%	16,63%
Foreldrar	9,07%	58,19%	12,34%	2,52%	17,88%

„Raddir allra fá að heyrast í Lágafellsskóla“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	9,68%	42,93%	16,87%	9,68%	20,84%
Foreldrar	3,27%	41,31%	15,11%	4,53%	35,77%

„Í Lágafellsskóla er boðið upp á fjölbreytta kennsluhætti“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	25,81%	44,42%	9,93%	5,71%	14,14%
Foreldrar	6,05%	53,40%	13,60%	1,26%	25,69%

„Í Lágafellsskóla er boðið upp á gæða kennslu“

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Hef ekki myndað mér skoðun
Nemendur	26.30%	53.60%	5.96%	4.96%	9.18%
Foreldrar	7.81%	58.44%	8.06%	0.76%	24.94%

Gæðagreinar

Sjálfsmatskerfið Gæðagreinar 2 eru hluti af sjálfsmati skólans. Fyrirkomulag vinnu við Gæðagreina fer þannig fram að starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum. Skipting í vinnuhópa fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinn. Matshópar meta þau atriði sem falla undir hvern Gæðagreini og gefa einkunn fyrir hvern lið eða heildareinkunn fyrir hvern Gæðagreini. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram og rökstuddir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti. Í viðauka 5 í Gæðagreinum 2 eru dæmi um hvernig leita má sönnunargagna eða vísbendinga til að styðjast við í matinu. Matshópurinn setur einnig fram sameiginlega sýn á mikilvægi þáttanna í gæðagreininum.

Skólaárið 2012-13 voru lagðir fyrir þrjár Gæðagreinar, 5.2 – Kennsla sem leiðir til árangursríks náms og 5.3 - Til móts við námsparfir. Einnig var búinn til Gæðagreinir um starfsemi mötuneytis 13.2 - Mötuneyti. Í viðauka 4 er að finna einkunnaskala Gæðagreina.

Gæðagreinir 5.2 – Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

Vinnulag: Kennarar unnu í níu hópum á vinnufundi í febrúar 2013. Gæðagreinir 5.2 er að finna í viðauka 5, matsblað er að finna í viðauka 6 og þróunaráætlun í viðauka 7.

Heildareinkunnagjöf: 4.0

Matssamantekt:

Sterkar hliðar eru m.a.:

- Metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að sinna þörfum nemenda
- Fámennir hópar í list- og verkgreinum

- Veitum góða stoðþjónustu
- Allar áætlanir um nám og kennslu eru aðgengilegar foreldrum á vef
- Fjölbreytt val í unglingadeild
- Markviss endurgjöf til nemenda til að stuðla að framförum námi
- Virkt sjálfsmat nemenda í gegnum Frammistöðumat

Veikar hliðar eru m.a.:

- Bæta þarf námstækni og virkja nemendur til ábyrgðar á eigin námi
- Viðhalda þarf Uppbyggingarstefnu
- Auka þarf fjölbreytni í kennsluháttum
- Auka þarf tölvukennslu og bæta aðstöðu og aðbúnað hvað varðar nýtingu tækni í skólastarfinu
- Setja þarf fram stefnumótun í upplýsinga-og tæknimennt
- Auka þarf lýðræði nemenda
- Sérdeild vantar við skólann

Gæðagreinir 5.3 – Til móts við námsþarfir

Vinnulag: Kennarar unnu í níu hópum á vinnufundi í mars 2013. Gæðagreini 5.3 er að finna í viðauka 8, matsblað er að finna í viðauka 9 og þróunaráætlun í viðauka 10.

Heildareinkunnagjöf: 4.0

Matssamantekt:

Sterkar hliðar eru m.a.:

- Fjölbreyttar námsframboð í vali og list- og verkgreinum
- Þjónusta við nemendur með sértæka námsörðugleika er góð og virk samvinna er við foreldra/forráðamenn
- Teymisfundir vegna barna með sérþarfir eru haldnir reglulega
- Vel er fylgst með stöðu nemenda og brugðist fljótt við þegar þurfa þykir
- Margir stuðningsfulltrúar starfa við skólann
- Vel er haldið utan um skóladag nemenda sem þurfa á sérúrræðum að halda
- Foreldrar eru þátttakendur í gerð einstaklingsnámskrár barna sinna

Veikar hliðar eru m.a.:

